

Utan dagskrár um fundarsköp II

Sóley Tómasdóttir: Forseti, ágætir borgarfulltrúar. Þetta er ekki í fyrsta skipti og alveg örugglega ekki í síðasta skipti sem borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon kemur hér með tillögur og óskar eftir afbrigðum til þess að fá að leggja þær fram, án þess að nokkuð hafi breyst frá því að frestur samkvæmt samþykktum um fundarsköp stjórnar Reykjavíkurborgar. Þannig að ég get ekki séð af hverju við eigum stöðugt að vera að samþykkja hér að taka mál á dagskrá án þess að málefnalegar ástæður séu fyrir því. Borgarfulltrúinn kemur hér ítrekað upp með tillögur sem hann kokkar upp á fundinum, hann var búinn að setja hér umræðu um ferðakostnað kjörinna fulltrúa á dagskrá og breytir því svo í tillögu hér þegar að klukkan er að verða 10 á þriðjudagskvöldi. Ég vil bara að þetta verði tekið til athugunar til framtíðar. Það er ekki hægt að við séum stöðugt að samþykkja hér tillögur með afbrigðum þegar að ekki er málefnaleg ástæða fyrir því.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið máli sínu. Og þá hefur borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon óskað eftir því að taka til máls um fundarsköp.

Utan dagskrár um fundarsköp II

Ólafur F. Magnússon: Forseti. Það kemur mér ekki á óvart sem borgarfulltrúi Vinstri grænna sem ég kalla nú orðið í dag vinstri femínista býður upp á hér í sölum borgarstjórnar. Afstaðan til alls þess sem ég segi hér hefur mótast af einhverri sérstakri neikvæðni í garð mín, bæði sem kjörins fulltrúa og karlmanns, þannig að ég bara lýsi sorg minni yfir því að verða var við svona viðbrögð. Að ég megi ekki hafa málfrelsi og tillögurétt eins og aðrir kjörnir fulltrúar. Ég sit hér í umboði 6.500 Reykvíkinga og það er umtalsvert meira heldur en borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur á bak við sig sem þriðji maður á lista VG í síðustu kosningum. Ég lýsi vanþóknun minni á þessari framkomu að vilja alltaf reyna að koma í veg fyrir að sá sem hér talar geti haft málfrelsi og tillögurétt eins og honum ber í Borgarstjórn Reykjavíkur.

Þetta er ekki tillaga sem er kokkuð upp hér á fundinum. Það var rætt í forsætisnefnd ýtarlega og þetta er gert með þessum hætti að setja þetta fram í bókun og tillöguformi til að fá fram rök og vonandi einhverja umræðu um þetta, af því að ferðakostnaður hér hann hefur ekki dregist saman með eðlilegum hætti frekar en ýmiss annar kostnaður vegna kjörinna fulltrúa. Ekki dregist saman á þann hátt sem hefur gerst hjá öðrum en kjörnum fulltrúum, hjá borgarbúum, hjá ýmsu starfsfólki borgarinnar og það verður stundum að láta eitt yfir alla ganga. Og skyldi maður nú halda að vinstri fulltrúinn Sóley Tómasdóttir hefði skilning á því.

En það er sama hvað ég ber upp hér í Borgarstjórn Reykjavíkur það mætir alltaf miklum mótblæstri frá þessum borgarfulltrúa sem hefur í raun því miður ekki einu sinni borið gæfu til að sýna það í verki að Vinstri grænir kölluðu sig umhverfissinnaflokk, en komi ég með tillögur um umhverfismálin þá snýst hún gjarnan gegn þeim, eins og gerðist varðandi tillögu mína um að falla frá hestúsabyggð á bökkum Elliðaárinnar. En ég harma það að borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir skuli leyfa sér að krefjast þess að ég megi ekki hafa tillögu og málfrelsi eins og mér ber með umboð 6.500 kjósenda í Reykjavík.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið við að ræða fundarsköp. Það mat forseta að þessi tillaga sé tæk. Hún þurfti hins vegar afbrigði og þá hefur hún verið samþykkt með 10 atkvæðum, 1 borgarfulltrúi er á móti, aðrir sátu hjá.

Bstj. 2. mars 2010

Og það í sjálfu sér á ekki að breyta öllu þótt að klukkan sé orðin tuttugu mínútur í tíu þegar að þessi tillaga kemur upp. Það geta ýmis mál komið upp og þó seinna væri sem að við verðum að taka á dagskrá og þá beitir forseti hér lýðræðislegum vinnubrögðum varðandi umfjöllun og ákvörðun um slík mál. En þá er þessi tillaga til umfjöllunar og til máls tekur hæstvirtur borgarstjóri.